



Reykjavík, 17. nóvember 2025

MSS23010102

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

Staða aðgerðaáætlunar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023 til 2026

Meðfylgjandi er staða aðgerðaáætlunar í jafnréttis- og mannréttindamálum í nóvember 2025.

Aðgerðaáætlunin var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 20. júní 2023. Áætlunin byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 13. grein laga um stjórnsýslu jafnréttismála og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Í áætluninni eru 103 aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun og stuðla að jafnrétti og mannréttindum á fjórum megin sviðum. Sviðin endurspeglar margþætt hlutverk borgarinnar sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, sem veitanda þjónustu og sem samstarfsaðila.

Starfsfólk víðsvegar í stjórnsýslu borgarinnar ber ábyrgð á að framkvæma einstakar aðgerðir en mannréttindaráð ber ábyrgð á fylgja henni eftir. Starfsfólk mannréttindaskrifstofu sér um að kalla eftir stöðu mála og styðja við þau sem bera ábyrgð á hverri og einni aðgerð þegar þess er óskað.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 13. gr. laga um stjórnsýslu jafnréttismála skal framvinda áætlunarinnar rædd árlega í sveitarstjórn og hún endurskoðuð eftir þörfum.

13. gr. Áætlanir sveitarfélaga um jafnréttismál.

Sveitarstjórnir skulu að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og [lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar], ¹⁾ þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum, m.a. hvernig starfsfólki skuli tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Hún skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, framvinda hennar rædd árlega í sveitarstjórn eftir það og hún endurskoðuð eftir þörfum.

Aðgerðaáætlunina ásamt stöðu aðgerða má einnig finna á

<https://reykjavik.is/mannrettindastefna-adgerdaaetlun>



Reykjavík



Óskað er eftir að staða aðgerðaráætlunarinnar sé lögð fram á fundi ráðsins til kynningar og í kjölfarið er hún send borgarstjórn til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,
Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir og Valgerður Jónsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Staða aðgerðaáætlunar í jafnréttis- og mannréttindamálum
Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026



Reykjavík



Aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum

Staða aðgerða í nóvember 2025





Inngangur

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023 til 2026 var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 20. júní 2023.

Áætlunin er byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 13. grein laga um stjórnarsýslu jafnréttismála og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Áætlunin tók við af aðgerðaáætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum 201 til 2022.

Í áætluninni eru 103 aðgerðir, fjórar hafa verið felldar niður m.a. vegna breytinga á verklagi hjá borginni.


Aðgerðirnar stuðla að jafnrétti og mannréttindum á fjórum megin sviðum sem endurspeglar margþætt hlutverk borgarinnar sem; **stjórnvalds**, **atvinnurekanda**, **veitanda þjónustu** og **samstarfsaðila**.

Samkvæmt 13. grein laga um stjórnarsýslu jafnréttismála skal framvinda áætlunarinnar rædd árlega í sveitarstjórn og hún endurskoðuð eftir þörfum.

Í þessu skjali er að finna upplýsingar um stöðu aðgerða í nóvember 2025.




Samantekt – staðan eftir mismunandi hlutverkum borgarinnar 24.11.2025





Staða aðgerðaáætlunar í jafnréttis- og mannréttindamálum í heild



■ Innleitt í verklag/lokið ■ Í vinnslu/vel á veg komið ■ Ekki hafið



Aðgerðir á eftir áætlun


Hlutverk	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Lýsing - Staða aðgerða nóvember 2025
Atvinnurekandi	2.3.4	Veita stjórnendum aðstoð við að skoða hvernig auka megí möguleika á sveigjanleika og hlutastörfum fyrir þau sem á þurfa að halda vegna aðstæðna, s.s. skertrar starfsgetu eða annarra persónulegra aðstæðna.	MOS	2024 Frestað til 2026	Ekki hafið	Aðgerð ekki hafin - frestað til 2026
Veitandi þjónustu	3.7.4	Gera úttekt á rými og sýnileika fatlaðs listafólks, jaðarsettra og viðkvæmra hópa í dagskrá menningarstofnana og viðburða Reykjavíkur. Í kjölfarið verði gerð aðgerðaráætlun til að stuðla að fjölbreytileika í listum.	MÍR, MAR	2024-2025 Frestað til 2026	Ekki hafið	Aðgerð ekki hafin – frestað til 2026

Aðgerðir sem hafa verið felldar niður

	Markmið	Verkefni	Ábyrgð	Ástæða
3.2 Þjónusta við fatlað fólk	Fatlað fólk fái þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum.	Skoða hvort ómeðvituð hlutdrægni kunni að hafa áhrif á mat á þjónustuþörf.	Vel	Fékkst ekki nemi í verkefnið
3.6 Skóla- og frístundastarf	Kynja- og jafnréttissjónarmið séu samþætt inn í alla stefnumótun og áætlanagerð í skólum.	Uppfæra jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti út frá gildandi jafnréttislögum á öllum starfsstöðum SFS. Áætlunum sé skilað á sama tíma og starfsáætlunum.	SFS	Ekki lengur gerð krafa um jafnréttisáætlun á hverjum starfsstað
3.6 Skóla- og frístundastarf	Kynja- og jafnréttissjónarmið séu samþætt inn í alla stefnumótun og áætlanagerð í skólum.	Halda fjarnámskeið fyrir stjórnendur SFS um gerð jafnréttisáætlana.	SFS	Sama og að ofan
3.4 Þjónusta við innflytjendur	Styðja við flóttafólk og innflytjendur.	Framkvæma ítarlega greiningu á þjónustu fyrir flóttafólk í Reykjavík út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.	Vel	Þjónusta við flóttafólk ekki lengur hjá borginni



Reykjavík sem stjórnvald





1.1 Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum sé í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.	1.1.1	Horfa til kynjahlutfalla og fjölbreytileika við útnefningu í nefndir, ráðir og stjórnir.	Borgarstjórn	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Kjörnir fulltrúar í borgarstjórn (aðalmenn) eru 54% konur og 46% karlar. Skv. síðustu úttekt eru kynjahlutföll ójöfn í mörgum ráðum og nefndum.
	1.1.2	Taka saman tölfræði um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum árlega	MAR	Árlega	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Kynjahlutföll í ráðum, nefndum og stjórnnum eru tekin saman árlega, var gerð síðast í feb. 2025. Er birt á vef borgarinnar.
Fjölbreytni samfélagsins endurspeglar í ráðum, nefndum og stjórnnum borgarinnar.	1.1.3	Hvetja flokka, í aðdraganda kosninga, til að láta framboðslista endurspegla fjölbreytileika borgarsamfélagsins.	MO, MAR.	Fyrir sveitastjórnarkosningar	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar verða flokkar hvattir til að láta framboðslista endurspegla fjölbreytni samfélagsins.

Skammstafanir í töflum:

MAR= Mannréttindaskrifstofa
MO= Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð
SBB= Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
MOS= Mannauðs- og starfsumhverfisvið
FÁST= Fjármála- og áhættustýringarvið

ÞON= Þjónustu- og nýsköpunarsvið
VEL= Velferðarsvið
USK= Umhverfis- og skipulagssvið
UTR= Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar
SFS= Skóla- og frístundasvið
MÍR= Menningar- og íþróttasvið
MÍT= Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð



1.2 Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða sé gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð.	1.2.1	Fara í þróunarverkefni þar sem skerpt er á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og áætlanagerð.	MAR.	Frestað til 2026	Í vinnslu íu	Nemandi í kynjafræði er að skrifa meistararitgerð um efnið, þegar niðurstöður þeirrar rannsóknar verðu unnið úr því. Í skoðun er að leggja meiri áherslu á þetta í stefnumótunarlotunni í forystunáminu
Upplýsingar um stöðu kynjanna og fólks af erlendum uppruna innan sveitarfélagsins séu aðgengilegar.	1.2.2	Setja fram tölfraðilegar upplýsingar um stöðu kynjanna og stöðu fólks af erlendum uppruna í borginni og birta á vef borgarinnar (Kynlegar tölur og tölfraði um fjölmenningu).	MAR	Árlega	Í vinnslu	Kynin í borginni, tölfraðiupplýsingar á vef borgarinnar var birt á árinu (2024). Tölfraði um fjölmenningu er á vef Mannréttindaskrifstofu. Gagnahlaðborð Reykjavíkurborgar er komið á vef borgarinnar, þjónustu- og nýsköpunarsvið safnar gögnum og birtir.
Samþætta jafnréttis- og mannréttinda-sjónarmið inn í starfsemi borgarinnar og þróa málaflokkinn.	1.2.3	Vinna mælikvarða fyrir stöðu jafnréttis- og mannréttindamála hjá Reykjavíkurborg.	MO, MAR	2023-2024	Í vinnslu	Þessi vinna er á lokametrunum.
	1.2.4	Halda sameiginlegan fund mannréttindaráðs með áheyrnarfulltrúum ofbeldisvarnarmála og fulltrúum samráðshóps um málefni fatlaðs fólks	MO	Árlega	Vel á veg komið	Áætlað er að halda sameiginlegan fund mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og aðgengis- og samráðsnefndar í febrúar 2026.
	1.2.5	Kynna mannréttindastefnu borgarinnar á Torginu (fræðslukerfi borgarinnar) og í forystunámi.	MO, MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Rafræn fræðsla er á Torginu um mannréttindastefnuna og stefnan er kynnt í lotu 6 í forystunáminu



1.3 Ráðstöfun fjármagns

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Vinna að réttlátri úthlutun fjármagns.	1.3.1	Fræða kjörna fulltrúa, stjórnendur og starfsfólk um aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.	MAR, MOS	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Fræðsla fyrir kjörna fulltrúa fór fram 30.apríl 2024. Starfsfólk í KFS stafshópum sótti 8 vikna námskeið frá Just Consulting í feb-mars 2024.
	1.3.2	Vinna að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar m.a. með fræðslu, endurgjöf, eftirliti og uppfærslu á ferlum og verklagi.	MAR FÁST	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Unnið er að KFS samhliða fjárhagsáætlun allt árið um kring. Fræðsla er einn lykilþáttur í innleiðingu KFS. Í upphafi árs fékk starfsfólk í KFS starfshópum borgarinnar átta klukkustunda fræðslu um jafnrétti, inngildingu og fjölbreytileika. Í apríl var kjörnum fulltrúum boðið á tveggja stunda námskeið um KFS.
Staða borgarbúa sé jöfn óháð kyni, hinseginleika, uppruna og öðrum þáttum eftir því sem við á.	1.3.3	Bæta aðgengi að kyngreindum gögnum með nýju viðmóti gagnþjónustu borgarinnar til að auðvelda greiningu og viðbrögð ef þarf.	PON, MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Bæklingurinn Kynin í borginin fór í loftið í febrúar 2024. Þá voru Kynlegar tölur 2024 birtar 19.júní 2024. Gögn um styrki úr borgarsjóði hafa ekki verið birt en eru í vinnslu.
Þjónusta borgarinnar taki mið af ólíkri stöðu og ólíkum þörfum fólks.	1.3.4	Greina þjónustubætti borgarinnar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og bregðast við niðurstöðum greininga.	MAR, FÁST, svið borgar- innar	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Fagsviðin vinna eftir áætlunum sínum um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS. Þar eru settar fram áætlanir sviða um greiningar þjónustubátta á árinu. Fag- og kjarnasvið skiluðu inn áætlunum um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS með öðrum forsendugögnum fjárhagsáætlunar. Áætlað er að greina 10 þjónustubætti á árinu, en nú þegar hafa 65 greiningar verið framkvæmdar sem hafa leitt af sér fjölmargar litlar aðgerðir.
Jafnrétti og mannréttindi séu tryggð með því að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar við ákvarðanatöku.	1.3.5	Framfylgja verklagi um að jafnréttisskimanir og jafnréttismat fylgi málum þegar þau eru tekin fyrir í ráðum borgarinnar.	MAR FÁST	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Í upphafi árs 2024 við undirbúning fjárhags- og fjárfestingaáætlana borgarinnar var kallað eftir jafnréttisskimunum vegna tillagna að nýjum verkefnum. Tekið var í notkun rafrænt form og ferli þar sem verkefnastýra KFS les yfir allar jafnréttisskimanir, bæði til að tryggja ákveðin gæði í skimunum og til að styðja við starfsfólk borgarinnar. Tæplega hundrað skimanir voru framkvæmdar á tillögum að nýjum verkefnum.
Styrkir borgarinnar stuðli að jafnrétti, mannréttindum og jöfnum tækifærum.	1.3.6	Þróa styrkjareglur og styrkjagátt á þann veg að styrkir stuðli að jafnrétti og mannréttindum í takt við mannréttindastefnu borgarinnar. Styrkveitingar séu greindar reglulega út frá kynja- og jafnréttis-sjónarmiðum.	PON, MAR FÁST, svið og fagráð	Viðvarandi	Í vinnslu	Ný styrkjagátt hefur verið tekin í notkun og unnið er að því að greina og birta kyngreind gögn um umsóknir og úthlutaða styrki. Áætlað að birta í lok árs 2024. Á eftir að ráða nýjan einstakling í starf verkefnastýru KFS sem annast þetta.

1.4 Inngilding og öryggi borgarbúa

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Öryggi borgarbúa sé tryggt með markvissri vinnu gegn ofbeldi í Reykjavík.	1.4.1	Fylgja eftir aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi þar sem m.a. eru aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, öfgahyggju og fordómum. Í henni eru einnig aðgerðir sem eru hluti af verkefnunum <i>Saman gegn ofbeldi</i> , <i>Samkomulag um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði</i> og <i>Nordic Safe Cities</i> .	MO, MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Aðgerðaáætlun gegn ofbeldi er markvisst fylgt eftir, farið er yfir stöðu allra verkefna reglulega á fundum mannréttindaráðs.
	1.4.2	Halda árlegan mannréttindadag og afhenda mannréttindaverðlaun borgarinnar.	MO	16. maí árlega	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Árlega að vori. Í maí 2025 fékk Afstaða verðlaunin.
	1.4.3	Halda opinn fund mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.	MO	Árlega í kringum 10. desember	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Opinn fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er haldinn árlega í desember. Næsti opni fundur verður miðvikudaginn 10. desember undir yfirskriftinni Mannréttindi– og orðræðan-hvernig samfélag viljum við?
	1.4.4	Veita styrki til mannréttinda- og ofbeldisvarnarmála.	MO	Árlega	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Auglýst var eftir styrkjum úr Borgarsjóði vegna verkefna á árinu 2026. Á fundi mannréttindaráðs í desember verða styrkumsóknir afgreiddar.
	1.4.5	Taka þátt í samstarfi <i>Rainbow Cities Network</i> , <i>ICORN</i> , <i>Intercultural Cities Network</i> og <i>Nordic Safe Cities</i> .	MO, MAR.	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Virkt samstarf í RCN og hefur RVK m.a. átt fulltrúa í stjórn RCN (2ja kjörtímabili lýkur í lok sept) og gegnir sérfræðingur í hinsegin málefnum því hlutverki. Mánaðarlegir fundir með NSC þar sem farið er yfir stöðuna á norðurlöndunum. Virk samsterf við ICCities - fulltrúi Rvk tekur þátt í árlegum fundum.
Fordómalaust borgarsamfélag byggt á inngildingu.	1.4.6	Skipuleggja og halda fjölmenningsþing Reykjavíkurborgar.	MAR	Annað hvert ár	Lokið	Fjölmenningsþing Reykjavíkurborgar var haldið 4.maí 2024 í Hinu Húsinu. Stefnt er að halda viðburðinn árlega.
	1.4.7	Vinna með samráðsvettvangi Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélögum.	MAR	Tvisvar á ári	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Frá því að samráðsvettvangurinn var stofnaður hafa verið haldnir árlegir fundir þar sem öllum skráðum trú- og lífsskoðunarfélögum í Reykjavík hefur verið boðið að senda fulltrúa. Allir þátttakendur hafa verið ánægðir með þetta tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
	1.4.8	Móta stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík í samvinnu við öll svið borgarinnar, borgarbúa og aðra hagaðila, með inngildingu að leiðarljósi, sbr. aðferðafræði Intercultural Cities.	MAR svið borgarinnar	2023-2024	Vel á veg komið	Verið að klára stefnumótunarvinnu.
	1.4.9	Veita fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk borgarinnar um fjölmenningsfærni og hvers kyns mismunun.	MAR	2023-2025	Í vinnslu	Þetta hefur frestast vegna breytinga í starfsmannahópi.



1.5 Eftirfylgni og endurskoðun áætlunar

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum sé virk og í sífelldri endurskoðun til að efla mannréttindi.	1.5.1	Fara yfir stöðu aðgerða með ábyrgðaraðilum reglulega og upplýsa mannréttindaráð um stöðu aðgerða.	MAR	Tvisvar á ári	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni/einungis gert einu sinni á ári	Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 10. október 2024 var kynning á stöðu aðgerða í aðgerðaáætluninni.
	1.5.2	Birta stöðu aðgerða á ytri vef borgarinnar.	MAR	Tvisvar á ári	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni/einungis gert einu sinni á ári	Staða aðgerða var síðast birt á vefnum í janúar 2024 og verður uppfærð haustið 2024 í kjölfar stöðutöku.
	1.5.3	Kynna stöðu og framvindu áætlunarinnar í borgarstjórn.	MO	Árlega	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Stöðutaka aðgerðaáætlunar var kynnt í borgarstjórn 19. nóvember 2024



Reykjavík sem atvinnurekandi





2.1 Launajafnrétti

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf, óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.	2.1.1	Leggja mat á aðferðir, í samvinnu við Jafnlaunastofu, til að greina hvort fyrir hendi sé mismunun í launum með tilliti til annarra þátta en kyns eða ríkisfangs hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar og gera tillögur að aðgerðum, s.s. könnunum til að ganga úr skugga um slíkt.	MOS	31.12.2024	Lokið	Unnið var að greiningu á grundvelli aðgerðarinnar í samvinnu við Jafnréttisstofu og MAR. Leitað var eftir lausnum frá Hagstofu í tengslum við framkvæmd aðgerðar, varðandi upplýsingar og framkvæmd.
	2.1.2	Þýða jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar yfir á ensku og pólsku og birta á innri og ytri vef borgarinnar.	MOS	31.12.2023	Lokið	Jafnlaunastefnan hefur verið þýdd á ensku og pólsku og birt á innri og ytri vef borgarinnar.
	2.1.3	Vinna úttekt á kynbundnum launamun og fylgja því eftir að brugðist verði við niðurstöðum.	MOS	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Launagreiningar eru framkvæmdar árlega.
	2.1.4	Bæta upplýsingar til starfsfólks borgarinnar um jafnlaunamál, hvert það geti leitað telji það á sér brotið og hugsanlegar aðgerðir, s.s. þýðingar á textum kostnaðarmetnar.	MOS	31.12.2024	Lokið	Síður og upplýsingar varðandi jafnlaunamál á innri vef hafa verið endurskoðuð og bætt, úrdráttur úr niðurstöðum launakannana þýddar á ensku og pólsku, fræðsla um jafnlaunakerfið er á Torginu.
	2.1.5	Tryggja stöðugar umbætur á starfsmatskerfi borgarinnar, þannig að sífellt sé leitað leiða til að tryggja regluna um jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	MOS	Árlega	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Vinna er í gangi hjá Faglegri stjórn starfsmats við yfirferð og skoðun á umbótum á starfsmatskerfinu SAMSTARF.

2.2 Störf og símenntun

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaramm i	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Laus störf standi öllum opin óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fótlan, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.	2.2.1	Endurskoða texta og uppsetningu í atvinnuauglýsingum til að auka aðgengi og höfða til fjölbreytts hóps umsækjenda um störf hjá Reykjavíkurborg.	MOS	31.12.2024	Lokið	Búið er að innleiða evrópskan tungumálaramma þar sem er skilgreint viðmið fyrir tungumálakunnáttu. Einnig er verið að skoða þýðingar á atvinnuauglýsingum. Með innleiðingu á Ráðný er verið að skerpa á texta í atvinnuauglýsingu og samræma uppsetningar á þeim.
	2.2.2	Meta jafnréttissjónarmið til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá Reykjavíkurborg. Athygli stjórnenda borgarinnar vakin á því að við ráðningar skal umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu ef hann er jafnhæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur.	MOS	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Fræðsla til stjórnenda er hafin þar sem athygli stjórnenda er vakin sérstaklega á því að ráða skuli þann umsækjanda af því kyni sem er í minnihluta að því gefnu að viðkomandi sé jafnhæfur eða hæfari. Þessi fræðsla hófst haustið 2023, og er stafræn fræðsla á Torginu, og er farið yfir á námskeiði sem heitir ráðningar hjá Reykjavíkurborg og er staðnámskeið sem stjórnendur geta skráð sig á.
	2.2.3	Vekja athygli stjórnenda borgarinnar á því að við ráðningar skuli fatlað fólk njóta forgangs í störf sé færni þess metin meiri eða jöfn hæfni annarra sem um störfín sækja.	MOS	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Fræðsla til stjórnenda þar sem athygli er vakin á því að við ráðningar skal fólk með fótlan ráðið sé viðkomandi metinn hæfari en aðrir sem sækja um störfín. Fræðsla á Torginu og Fróða varðandi atvinnupáttttöku fatlaðs fólks. Síðan er þetta einnig í fræðslu um ráðningar hjá Reykjavíkurborg sem er staðnámskeið sem stjórnendur geti skráð sig á.
	2.2.4	Auka stuðning og fræðslu til stjórnenda til að fjölga tækifærum fyrir fólk með skerta starfsgetu til að fá störf við hæfi.	MOS, MAR	31.12.2024	Í vinnslu	Fræðsla til stjórnenda er í forystunámi Reykjavíkurborgar þar sem stjórnendur eru hvattir til að skoða möguleika á að fjölga störfum fyrir fólk með skerta starfsgetu. Einnig er fyrirhugað að kanna hjá Vinnumálastofnun varðandi leiðbeiningar og stuðning til stjórnenda vegna ráðningar. Búið að auka við fræðslu á Torginu og Fróða. Reykjavíkurborg tekur þátt í innleiðingu á Unndísi þar sem m.a. verður áhersla á hlutastörf.
Tryggja aðgengi alls starfsfólks að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sem auki hæfni í starfi og undirbúi fyrir önnur eða breytt störf.	2.2.5	Innleiða fræðslukerfi borgarinnar, Torgið, á öllum sviðum og tryggja að allt starfsfólk hafi fengið netföng sín og aðgangsorð til að komast inn á Torgið og lágmarka hindranir gagnvart Torginu sbr. aðgerðaáætlun fræðslustefnu 2023.	MOS	31.12.2023	Í vinnslu	Búið að opna Torgið fyrir öll svið. Áform um herferð til að kynna tvíþátta auðkenningu til að fá lykilorð.
	2.2.6	Vinna saman þvert á svið að miðlun þekkingar og færni stjórnenda og starfsfólks í nýtingu Torgsins, sbr. aðgerðaáætlun fræðslustefnu 2023.	MOS	31.12.2023	Í vinnslu	Útbreiðsla Torgsins að aukast, mikil framleiðsla á fræðsluefni sem hjálpar til við að toga fólk inn. 65% starfsfólks hefur nú virkjað sig á Torginu.
	2.2.7	Athuga, með könnun meðal starfsfólks, hvort konur, karlar og kvár fái sömu tækifæri til starfsþróunar og/eða símenntunar, m.a. vegna stafrænnar umbreytingar. Ef svo er ekki verður brugðist við með greiningu á því hverju sætir og leiðum til starfsþróunar og símenntunar eftir því sem á við.	MOS	Árlega	Í vinnslu	Fræðslufólk allra sviða búið að skoða sínar niðurstöður úr Stofnun ársins hvað þetta varðar og þau fengu hvatningu til að vinna með þetta innan síns sviðs. Munur eftir kyni er lítill á þessum spurningum. Teljum ekki þörf á könnun út frá kyni. Megin áhyggjur varðandi jafnan aðgang að starfsþróun er vegna starfsfólks af erlendum uppruna, einnig vitað að munur er milli stéttarféлага.
Stjórnendur borgarinnar séu meðvitaðir um kynja- og jafnréttis-sjónarmið.	2.2.8	Vera með jafnréttisfræðslu fyrir alla stjórnendur í forystunámi á vegum borgarinnar.	MOS, MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Lotan um jafnréttismál var keyrð sex sinnum veturinn 2024-25 og 111 stjórnendur mættu.
Atvinnupátttaka fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir sé aukin og því tryggð fjölbreytni í atvinnumöguleikum.	2.2.9	Setja á fót vinnuhóp með fulltrúum MAR, MOS og VEL sem greinir stöðuna í atvinnumálum fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir og setur fram tillögur í kjölfarið.	MAR MOS, VEL	2023-2024	Vel á veg komið	Aðgerð ekki hafin - frestað til 2025. Settur hefur verið á fót vinnuhópur sem mun mun skila af sér tillögum lok árs 2025. Hluti vinnuhópsins hefur unnið að skýrslu og stefnir að skila henni um áramót.



2.3 Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð.	2.3.1	Safna upplýsingum um samræmingu vinnu og einkalífs með könnun meðal starfsfólks. Greina svörin út frá kyni, starfi og öðrum viðeigandi breytum. Komi í ljós erfiðleikar í samræmingu einkalífs, fjölskylduábyrgðar og starfa á ákveðnum starfsstöðum verði reynt að finna skýringar og bregðast við ef þurfa þykir.	MOS	Árlega	Lokið	Spurt var um þetta í könnuninni Stofnun ársins í október 2023. Niðurstöður könnunar lágu fyrir í febrúar 2024 og sýna niðurstöður að 87% starfsfólks á auðvelt með að samræma vinnu og einkalíf.
	2.3.2	Halda áfram innleiðingu á Betri vinnutíma og skoða sérstaklega í mati á verkefninu hvort styttri vinnuvika hafi stuðlað að jafnvægi í starfi og einkalífi.	MOS	31.12.2024	Lokið	Frekara mat á stöðu innleiðingar á betri vinnutíma hefur farið fram.
Starfsfólk njóti sveigjanleika í vinnu eftir því sem aðstæður leyfa.	2.3.3	Vinna að innleiðingu aðgerða starfshóps til að koma til móts við sveigjanleika við starfslok vegna aldurs.	MOS	31.12.2024	Vel á veg komið	Starfshópurinn hefur skilað skýrslu. Nú er verið að rýna tillögur hópsins og meta þær, í kjölfarið verða þær kynntar í borgarráði.
	2.3.4	Veita stjórnendum aðstoð við að skoða hvernig auka megi möguleika á sveigjanleika og hlutastörfum fyrir þau sem á þurfa að halda vegna aðstæðna, s.s. skertrar starfsgetu eða annarra persónulegra aðstæðna.	MOS	2024 Frestað til 2026	Ekki hafið	Aðgerð ekki hafin - frestað til 2026
Foreldrar nýti sér foreldra- og fæðingarorlof og sinni veikum börnum, óháð kyni.	2.3.5	Safna upplýsingum um nýtingu foreldra- og fæðingarorlofs og skoða eftir kynjum.	MOS	31.12.2025	Vel á veg komið	Gagnaöflun hefur farið fram og nú er verið að greina gögnin. Í kjölfarið verður það tekið saman og kynnt.
	2.3.6	Veita starfsfólki kost á sveigjanleika í starfi þar sem hægt er að koma því við. Starfsfólki gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar. Starfsfólk eigi kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa. Stjórnendur hvetji væntanlega feður til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs. Jafnframt skal hvetja karla til að vera heima hjá veikum börnum til jafns við konur.	MOS	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Viðvarandi aðgerð sem hefur verið innleidd í verklag.
Starfsfólki sé tryggður sveigjanleiki og/eða leyfi frá störfum vegna brýnna fjölskylduaðstæðna.	2.3.7	Innleiða uppfærða viðverustefnu Reykjavíkurborgar og tryggja að starfsfólk og stjórnendur hafi upplýsingar um áherslur borgarinnar í þessum efnum.	MOS	31.12.2024	Vel á veg komið	Skýrari ákvæði um þetta sett fram í nýrri viðverustefnu sem samþykkt var haustið 2023. Þjálfun stjórnenda í viðverustjórnun í gangi á öllum sviðum borgarinnar. Viðverustefnan í virkri innleiðingu, 418 stjórnendur hafa mætt á vinnustofur (apríl 2025).



2.4 Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Koma í veg fyrir kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða kynbundið ofbeldi á starfsstöðvum borgarinnar.	2.4.1	Gera úrtakskönnun meðal starfsfólks um hvort það hafi upplifað kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða kynbundið ofbeldi í tengslum við starf sitt. Niðurstöður verði m.a. greindar eftir uppruna, kyni og hinseginleika.	MOS	Árlega	Innleitt í verklag/viðvarandi verkefni	Spurt verður um EKKO í Stofnun ársins 2024 og framvegis annað hvert ár. Niðurstöður rýndar og notað í fræðslu og miðlun.
Allt starfsfólk hafi upplýsingar um stefnu Reykjavíkurborgar og verklag vegna EKKO mála.	2.4.2	Útbúa stafrænt fræðsluefni sem miðlað verði í gegnum Torgið.	MOS	31.12.2024	Lokið	EKKO stefnan er aðgengileg á ytri og innri vef og hefur verið kynnt reglulega síðustu ár. Endurskoðun áformuð 2024, og þá verður farið í fræðsluáttak. Nú er aðgengilegt á Torginu grunnfræðsla um einelti. Ný fræðsla í vinnslu um EKKO og viðbrögð við því. EKKO fræðsla komin á Torgið.
	2.4.3	Uppfæra stefnu og verklag vegna EKKO og innleiða á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar.	MOS	31.12.2024	Lokið	Ný EKKO stefna samþykkt, þýdd á ensku og komin á ytri og innri vefi. Frétt á forsiðu Fróða og VE. Fræðsluefni um einelti aðgengilegt á Torginu. Nýtt verklag (Verklagsregla: Meðferð EKKO mála innan Reykjavíkurborgar) komið í notkun (des. 2024).
Starfsfólk sem er í áhættu varðandi kynbundið ofbeldi fái stuðning frá vinnustaðnum.	2.4.4	Gefa út leiðbeiningar til stjórnenda um stuðning við starfsfólk þegar grunur er um heimilisofbeldi.	MOS, MAR	31.12.2023	Lokið	Viðbrögð vegna heimilisofbeldis þegar starfsfólk Reykjavíkurborgar á í hlut - skjal með leiðbeiningum komið á Fróða Þar er komið inn á heimilisofbeldi. Stefnt á að gera fræðslu um heimilisofbeldi fyrir Torgið, í samvinnu milli MOS og MAR.



Reykjavík sem veitandi þjónustu





3.1 Þjónusta við eldra fólk

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Aldrað fólk fái þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum.	3.1.1	Skoða hvort þjónusta við aldrað fólk taki mið af ólíkum þörfum fólks eftir m.a. kyni, uppruna og hinseginleika.	VEL	2023	Lokið	Nemandi í hagnýtingu jafnréttisfræða skilaði verkefni um þetta 2025. Konur lifa lengur en karlar, búa oftari við heilsubrest og hafa lægri tekjur og lífeyri. Þrátt fyrir þetta fá þær ekki hlutfallslega fleiri íbúðir en úthlutun íbúða er nánast jöfn milli kynja. Hærra hlutfall karla fær íbúðir þrátt fyrir að fleiri konur séu metnar í meiri þörf. Þetta bendir til kerfisbundinnar mismununar gagnvart konum. Úthlutunarteymi þjónustuíbúða hefur verið upplýst um þetta. Reglulegt stöðumat verður tekið árlega.
	3.1.2	Skoða hvort ómeðvituð hlutdrægni kunni að hafa áhrif á mat á þjónustubörf.	VEL	2023	Lokið	Nemandi í hagnýtingu jafnréttisfræða á vorönn 2025 skilaði verkefni, verður nýtt til að vinna betur að þessu.
Athygli sé vakin, m.a. með umræðu, á mikilvægi jafnréttis í verkaskiptingu kynja í umönnun aldraðra aðstandenda.	3.1.3	Framkvæma þjónustukönnun meðal aðstandenda um hver beri mestan þunga af umönnun og í kjölfarið hvort grípa þurfi til aðgerða til að mæta betur ólíkum þörfum fólks.	VEL	2024	Lokið	Könnun meðal aðstandenda notenda heimahjúkrunar var framkvæmd í desember 2024 og niðurstöður liggja fyrir, sjá hér: https://infogram.com/kynning-adstandendur-heimahjukrun-2024-1hxj48mrmwky52v?live
Eldri borgarar og aðstandendur þeirra í Reykjavík þekki þjónustu sem stendur þeim til boða.	3.1.4	Búa til fræðsluefni "Að eldast í Reykjavík" um þjónustu fyrir eldri borgara í Reykjavík á mörgum tungumálum.	VEL	2024	Í vinnslu	Bæklingur sem áður var sendur í pósti hefur sl. 3 ár verið gefinn út rafrænt á hverju ári, síðast í ágúst 2024. Það er verið að leita að fjármagni til að þýða hann.
Aldrað fólk fái stuðning og ráðgjöf búi það við ofbeldi. Vinna gegn ofbeldi gagnvart eldra fólki.	3.1.5	Útbúa stafræna fræðslu fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu um ofbeldi gagnvart eldra fólki.	VEL, MAR	2024	Vel á veg komið	Efnistöð í rafrænu fræðsluefni hafa verið kynnt á sameiginlegum fundi mannréttindaráðs og öldungaráðs. Fræðsluefnið verður væntanlega tilbúið í lok árs.



3.2 Þjónusta við fatlað fólk (1/2)

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Fatlað fólk fái þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum.	3.2.1	Skoða hvort þjónusta við fatlað fólk taki mið af ólíkum þörfum fólks eftir m.a. kyni, uppruna og hinseginleika.	VEL	2023	Lokið	Nemendaverkefni um þjónustu við fatlað flóttafólk var skilað 2025.
	3.2.2	Skoða hvort ómeðvituð hlutdrægni kunni að hafa áhrif á mat á þjónustubörf.	VEL	2023		Fellt niður. Ekki fannst nemi til að vinna verkefnið.
Athygli sé vakin, m.a. með umræðu, á mikilvægi jafnréttis í verkaskiptingu kynja í umönnun fatlaðra aðstandenda.	3.2.3	Framkvæma þjónustukönnun meðal aðstandenda um hver beri mestan þunga af umönnun og í kjölfarið skoða hvort grípa þurfi til aðgerða til að mæta betur ólíkum þörfum fólks.	VEL	2024	Í vinnslu	Undirbúningur hafinn. Verið að leita að nema til að taka verkefnið að sér, vinnur það í samstarfi við velferðarsvið.
Fatlað fólk fái stuðning og ráðgjöf búi það við ofbeldi. Vinna gegn ofbeldi gagnvart fötluðu fólki.	3.2.4	Útbúa stafræna fræðslu fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki.	VEL MAR	2024	Lokið	Fræðsla um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki er á Torginu og er aðgengileg öllu starfsfólki velferðarsviðs fyrir starfsfólk í málaflokki fatlaðs fólks.
Þekking sé til staðar um stöðu fatlaðs fólks sem notar þjónustu Reykjavíkurborgar.	3.2.5	Hafa reglubundið samráð við réttindagæslumann fatlaðs fólks.	MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Virkt samstarf er við réttindagæslumann fatlaðs fólks. Þegar þörf þykir er haft samband við réttindagæsluna og þau boðuð á fund nefndarinnar
	3.2.6	Útbúa fræðslu um margþætta mismunun t.d. vegna fatlaðra þjónustunotenda af erlendum uppruna og hinsegin fatlaðs fólks.	MAR	2023-2024	Vel á veg komið	Þessi aðgerð og aðgerð 3.2.7 sameinaðar í eina, Samningur gerður við Tabú um rafræna fræðslu til að setja inn á Torgið. Verður tilbúin 2026.
	3.2.7	Þjóða upp á fræðslu frá fötluðu fólki um málefni fatlaðs fólks fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, t.d. á Torginu.	MAR MOS	2025	Vel á veg komið	



3.2 Þjónusta við fatlað fólk (2/2)

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Fatlað fólk og aðstandendur þeirra hafi greiðan aðgang að upplýsingum og þjónustu.	3.2.8	Búa til fræðslu/upplýsingaefni um þjónustu sem er í boði fyrir fatlað fólk á íslensku og fleiri tungumálum. Fræðsla/upplýsingaefni beinist að notendum en líka aðstandendum þeirra.	VEL	2024	Lokið	Á vefsíðu borgarinnar er að finna upplýsinga- og fræðsluefni um þjónustu fyrir fatlað fólk. Skoða þarf hvort efnið miði bæði að notendum og aðstandendum. Upplýsingarnar eru á ensku og íslensku.
	3.2.9	Taka saman helstu upplýsingar um aðgengismál sem mikilvægt er að miðla til þjónustunotenda út frá mismunandi þjónustu borgarinnar.	MAR	2025	Lokið	Upplýsingar um þjónustu velferðarsviðs á vefsíðu borgarinnar eru aðgengilegar og hafa verið teknar út af Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Upplýsingar um aðgengi að sundlaugum borgarinnar eru birtar á vefsíðunni. P-bílastæði eru á borgarvefsjá. Yfirlit yfir framkvæmdir í borginni á vef. Einnig er að finna upplýsingar um aðgengi að listasöfnum borgarinnar. Þetta er hins vegar eitthvað sem brugðist er við berist ábendingar.
	3.2.10	Hvetja strætó til að birta upplýsingar um aðgengi að strætisvögnum og biðstöðvum í borginni.	MAR	2022-2024	Lokið	Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks sendi tillögu til strætó, samgöngustjóra og Umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar sem svaraði því til að undirbúningsvinna væri hafin hjá Strætó. Aðgerðinni er lokið af hálfu nefndarinnar.
	3.2.11	Vinna stafrænar lausnir fyrir þjónustu Reykjavíkurborgar í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd.	MAR PON	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Virkt samtal hefur verið um mikilvægi þess að stafrænar lausnir séu þróaðar með tilliti til aðgengismála. Samráðshópur hefur verið myndaður með fulltrúum frá MAR, USK (aðgengisfulltrúi), VEL og PON. Einn fundur hefur verið haldinn.
Starfsstaðir og borgarland Reykjavíkur séu aðgengileg öllum borgarbúum óháð aðgengisþörfum.	3.2.12	Tryggja fjármagn til að borgin sé með aðgengisfulltrúa t.d. til að vakta hönnun, rými verktaka í borgarlandi o.fl.	MAR USK	2024	Lokið	Ráðið var í starf aðgengisfulltrúa í upphafi árs 2024. Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar er í gildi og aðgerðaaætlun stefnunnar verður endurnýjuð í janúar 2026.
	3.2.13	Sjá til að samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks, í mannréttindaráði, fái til meðferðar mál sbr. samþykkt mannréttindaráðs	MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Í samþykkt mannréttindaráðs kemur fram að mannréttindaráð skal vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni fatlaðs fólks í aðgengismálum í viðum skilningi, við mótun allrar þjónustu borgarinnar sem snýr að fötluðu fólki og eftir atvikum öðrum hagsmunamálum fatlaðs fólks, t.d óska önnur ráð og svið reglulega eftir umsögn nefndarinnar, aðgengisfulltrúi kynnir aðgerðir á sínu borði o.s.frv.



3.3 Þjónusta við heimilislaust fólk

Markmið h	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Þjónusta borgarinnar mæti ólíkum þörfum fólks sem er heimilislaust m.a. út frá kyni, uppruna og hinseginleika.	3.3.1	Vinna áfram með hugmyndafræðina Húsnæði fyrst.	VEL	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Í dag eru 17 íbúðir sem falla undir Húsnæði fyrst, ásamt 20 smáhúsum og 4 smáhýsum. Áframhaldandi þróun og stefnt er að því að auka stökum íbúðum jafnt og þétt.
	3.3.2	Auka fjölbreytni og valkosti notenda innan virkni- og endurhæfingarúrræða velferðarsviðs.	VEL	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Vinna er hafin við að auka framboð úrræða fyrir notendur Virkniúss m.a. með því að bjóða námskeið Atvinnu- og virknimiðlunar á ensku. Auk þess hafa verið settir af stað morgunfundir á ensku fyrir þátttakendur í TINNU-verkefninu. Verið er að skoða tilraunaverkefni til að ná betur til ungra karla á fjárhagsaðstoð. Einnig er verið að skoða hvernig betur má ná að þjónusta fólk af erlendum uppruna sérstaklega og þá einstaklinga sem hvorki íslensku né enskumælandi. Verið er að skoða möguleika á frekari samstarfi við aðila utan Virkniúss.
	3.3.3	Greina heimilisleysi meðal kvenna sem njóta þjónustu velferðarsviðs og skoða hvernig megi mæta þeirra þörfum.	VEL	2024	Lokið	Þarfagreining v. Konukots lokið. Þrepaskipt þjónusta í Ármúla, tímabundin búseta til að greina þarfir heimilislausra kvenna betur. VoR teymið tekið upp real-time-data til að skrá upplýsingar um hverja vitjun til kvenna, búseta og aðstæður eru breytur.



3.4 Þjónusta við innflytjendur

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Styðja við flóttafólk og innflytjendur.	3.4.1	Búa til stafræna fræðslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um notkun tülka sem og hvaða leiðir megi nota í samskiptum við þjónustuþega sem eru innflytjendur.	MAR	2024	Í vinnslu	Skýrsla starfshóps um tülka og þýðingarstefnu var skilað í desember 2024. Að öðru leyti hefur þetta tafist vegna breytinga í starfsmannahópi.
	3.4.2	Framkvæma ítarlega greiningu á þjónustu fyrir flóttafólk í Reykjavík út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.	VEL	2024	Í vinnslu	Felld niður
	3.4.3	Vinna með hópi sérfræðinga innan borgarinnar sem hafa sérþekkingu á málefnum innflytjenda til að mæta betur þörfum þeirra.	MAR	Ársfjórðungs- -lega	Í vinnslu	Þessi aðgerð hefur tafist vegna breytinga í starfsmannahópi.
	3.4.4	Þróa verkferla um viðbrögð ef athugasemd berst vegna hatusorðræðu eða mismununar og búa til stafræna fræðslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um hatusorðræðu.	MAR	Viðvarandi	Í vinnslu	Aðgerð hafin. Verið er að vinna rannsókn á menningar- og kynþáttafordómum á starfsstöðum Reykjavíkur. Að því loknu kemur í ljós hvað verður gert.
	3.4.5	Veita félagasamtökum innflytjenda og þjóðarhópum fræðslu um þjónustu Reykjavíkurborgar og réttindi og skyldur.	MAR	Viðvarandi	Í vinnslu	Þessi aðgerð hefur tafist vegna breytinga í starfsmannahópi.
	3.4.6	Þjóða nýjum íbúum af erlendum uppruna fræðslu í hverfum með aðkomu miðstöðva; dreifa bæklingnum Velkomin til Reykjavíkur.	VEL, MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Hefur verið innleitt í verklag og er í sífelldri endurskoðun. Talið er að bæklingur sé ekki að skila sér nógu vel til nýrra íbúa. Haldinn var sameiginlegur fundur með tengiliðum og ákveðið að leita til ÞON og hvort hægt er að fara í svipaða vinnu og Suðurnesin hafa gert. Eru með sérstakan vef sem heitir "Velkomin til Suðurnesja."
	3.4.7	Nota samfélagsmiðla á ensku og pólsku til að miðla upplýsingum til erlendra íbúa.	MAR		Í vinnslu	Var gert en það er ekki ráðrúm til að sinna þessu lengur, þarf að taka ákvörðun um nálgun.
	3.4.8	Búa til stafræna fjölmenningarfræðslu fyrir stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar.	MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Vorið 2024 var haldin fræðsla um fjölmenningarfærni fyrir starfsfólk. Gerð stafrænnar fræðslu frestað til 2026 vegna breytinga í starfsmannahópi.
	3.4.9	Taka saman upplýsingar um árangursrík verkefni sem varða fjölmenningu í Reykjavík, í því augnamiði að gera þau sýnilegri.	MAR	Viðvarandi	Í vinnslu	Undirbúningur er hafinn í samstarfi við sérfræðingahóp í innflytjendamálum. Frestað til 2026.
	3.4.10	Tryggja fræðslu og fræðsluefni um uppeldi barna á Íslandi fyrir fjölskyldur sem flytja til Reykjavíkur.	VEL, MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Tvö SPARE námskeið voru haldin á vorönn 2024. Annað fyrir arabískumælandi foreldra og hitt fyrir úkraískumælandi. Námskeiðin eru kennd á ensku, en millimenningsarmiðlari þýðir yfir á tungumál foreldra, auk þess sem foreldraefnið er á móðurmáli foreldra og gert myndrænt. Nýlegar niðurstöður fýsileikarannsóknar HÍ á úkraíska hópnum sýna að úrræðið kemur vel út . Áform voru um að kenna Foreldramiðað HAM á ensku fyrir mörg þjóðerni á vorönn, en því miður fékkst enginn til að kenna. Komnir eru á samvinnufundir milli Keðjunnar, HÍ og Suðurmiðstöðvar þar sem verið er að skoða leiðir til að sækja um Evrópustyrki svo hægt sé að aðlaga PMTO að pólskumælandi foreldrum, en eftirspurnin er mikil.



3.5 Hinseginvæn þjónusta

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Reykjavík sé hinseginvæn borg.	3.5.1	Þjóða starfsstöðum Reykjavíkurborgar regnbogavottun, sem inniheldur fræðslu, þjálfun og eftirfylgni.	MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	140 starfsstaðir hafa nú hlotið Regnbogavottun. Allir starfsstaðir borgarinnar geta sótt um að fara í vottunarferlið, langur biðlisti er hins vegar til að komast að og er áætlað að þau sem sækja um núna þurfi að bíða í 12-24 mánuði eftir vottun.
	3.5.2.	Þjóða hinsegin borgarbúum og aðstandendum þeirra upp á ráðgjöf í gegnum þjónustusamning við Samtökin '78.	MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Nýr samningur við Samtökin ,78 gerður 2025.
	3.5.3	Útbúa stafrænar fræðslu fyrir starfsfólk um hinsegin málefni.	MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Fjórar fræðslur um hinsegin málefni eru nú aðgengilegar á Torginu. Það er sífellt unnið að því að bæta stafrænum fræðslum um hinsegin málefni inn á Torgið og bætast reglulega við nýjar fræðslur.



3.6 Skóla- og frístundastarf (1/2)

Markmið	Nr.	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Kynja- og jafnréttis-sjónarmið séu samþætt inn í alla stefnumótun og áætlanagerð í skólum.	3.6.1	Uppfæra jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti út frá gildandi jafnréttislögum á öllum starfsstöðum SFS. Áætlunum sé skilað á sama tíma og starfsáætlunum.	SFS	Haust 2023	Hætt við/ aðgerð ekki virk	<i>Þessi aðgerð er ekki lengur virk. Ekki er lengur ætlast til að hver starfsstaður skili jafnréttisáætlun.</i>
	3.6.2	Halda fjarnámskeið fyrir stjórnendur SFS um gerð jafnréttisáætlana.	SFS	Haust 2023	Hætt við / aðgerð ekki virk	<i>Á ekki lengur við, stjórnendur eiga ekki lengur að skila inn jafnréttisáætlunum. Erum í samtali við deildarstjóra hvað á að gera í staðin og ákveða jafnréttisáherslur. Fræðsla verður útbúin í tengslum við það þegar að því kemur (haust 24)</i>
Jafnréttismenntun og mannréttindi séu í hávegum höfð. Allir nemendur fái jafnréttis- og kynjafræðslu.	3.6.3	Tryggja að allt starfsfólk SFS sé upplýst um verkfærakistu um kynjajafnréttis- og hinseginfræðslu fyrir öll skólastig auk verkfærakistu menntastefnu.	SFS	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Tölvupóstur með áminningu um verkfærakisturnar er stendur á stjórnendur SFS og verkfærakistur eru kynntar á stjórnendafundum.
	3.6.4	Halda við og uppfæra vefsíðu Jafnréttisskólans, sem fjallar um jafnrétti í viðum skilningi í tengslum við skóla- og frístundastarf.	SFS	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Vefsíður reglulega yfirfarnar og uppfærðar.
	3.6.5	Tryggja, í samráði við SFS, að fræðsla um hinsegin fólk standi öllum nemendum leik- og grunnskóla til boða. Tryggja að skólastjórnendur viti af fræðslunni og skilji mikilvægi hennar fyrir nemendur. Ávarpa þátttöku allra grunnskóla og félagsmiðstöðva í Viku6 í starfsáætlunum.	SFS, MAR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Samningur við Samtökin '78 um hinsegin fræðslu til nemenda í skólum Reykjavíkur hefur verið endurnýjaður. Í samningnum er kveðið á um fræðslu til nemenda í 3., 6. og 9.bekk grunnskóla. Skólastjórnendur fá kynningu og upplýsingar um Viku6 ár hvert og hvött til að hafa með í starfsáætlun sinna skóla.
	3.6.6	Skipuleggja og hvetja starfsstaði SFS til að taka þátt í jafnréttis- og mannréttindadögum í kringum 20. nóvember.	SFS	Haust 2023	Lokið	Tölvupóstur sendur á stjórnendur, allir hvattir til að horfa á málstofu sem var haldin 20.nóvember á vegum Jafnréttisskólans um að verja rétt allra barna, áhersla á hinsegin börn 2023. Áhersla á samtvinnun 2024 á vinnustofu.
	3.6.7	Ávarpa þátttöku allra grunnskóla og félagsmiðstöðva í Viku6 í starfsáætlunum.	SFS	Haust 2023	Í vinnslu	Fagstjórar beðnir að hvetja stjórnendur í sínum miðstöðvum að ávarpa þátttöku í Viku6 í næstu starfsáætlun. Skólastjórnendur fá kynningu og upplýsingar um Viku6 ár hvert og hvött til að hafa með í starfsáætlun sinna skóla.
Nemendur fái náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf í skólum óháð kyni.	3.6.8	Útbúa gátlista fyrir náms- og starfsráðgjafa í tengslum við verkefnið <i>Fagmennska og samstarf í öndvegi</i> .	SFS	Vor 2024	Lokið	Gátlisti var sendur á alla námsráðgjafa haustið 2023 og er einnig aðgengilegur inni á verkfærakistu menntastefnu



3.6 Skóla- og frístundastarf (2/2)

Markmið	Nr.	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Forvarnarstarf í grunnskólum sé virkt.	3.6.9	Tryggja fræðslu frá forvarnarteymum grunnskóla í öllum árgöngum og fyrir allt starfsfólk.	SFS	Haust 2023	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Forvarnarteymin eru öll virk og eiga að tryggja fræðslu í alla árganga
	3.6.10	Efla samstarf ráðgjafateymis og lausnateymis með fundi til að skoða samlegð.	SFS	Haust 2023	Í vinnslu	Veggspjald með upplýsingum um ráðgjafateymi send á alla skóla haustið '24. Tilkynningar til ráðgjafateymis komnar inn í verklag BBB. Fulltrúar á hverri miðstöð kynna teymið fyrir forvarnar- og lausnateymum.
	3.6.11	Efla kynfræðslu sem forvarnarstarf með því að fjölga starfsstöðum í kynfræðsluverkefni.	SFS	Vor 2024	Lokið	Þessi aðgerð er komin í menntastefnu borgarinnar og verður hrint í framkvæmd.
Hver einstaklingur fái frelsi og stuðning til að skilgreina kyn sitt og viðurkenningu á því í skóla- og frístundastarfi.	3.6.12	Tryggja þekkingu stjórnenda og starfsfólks um rétt barna til að skilgreina kyn sitt og að þau njóti viðurkenningar á sínu kyni (kynvitund), m.a. með skýru verklagi og fræðslu.	SFS, MÍT, MAR	Haust 2023	Lokið	Innifalið í fræðslu í Regnbogavottun, sem fjölmargir leik- og grunnskólar hafa öðlast. Fjallað um í nýrri handbók fyrir leikskóla vor 2024, Tölvupóstur sendur á alla stjórnendur - bent á lög um kynrænt sjálfræði og vefsvæði RVK um trans börn og skóla. Skyldu fræðsla fyrir stjórnendur á Torginu um trans börn.
Úrræði fyrir ungt fólk sem er ekki í skóla eða vinnu (NEET) endurspegli ólíkar þarfir ungs fólks, m.a. eftir kyni og uppruna.	3.6.13	Kortleggja úrræði sem eru í boði fyrir ungt fólk sem er hvorki í vinnu né skóla og greina eftir kynja- og jafnréttissjónarmiðum.	VEL	2024	Lokið	Búið er að leggja fyrir velferðarráð minnisblað um stöðu þessa hóps. Áframhaldandi vinna ásamt kortlagningu á úrræðum fyrir hópinn út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

3.7 Íþróttta- og menningarstarfsemi

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Öll börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi óháð kyni, uppruna, fötlun, hinseginleika o.fl., sbr. mannréttinda-stefnu borgarinnar	3.7.1	Stefna að því að ráða gæðafulltrúa til hverfaíþróttafélaganna sem hefur m.a. eftirlit með jafnréttisstefnu, mannréttindastefnu, siðareglum, verkferlum og eineltisáætlunum.	MÍR,	2024-2025	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Ákvæði um aukið gæðaeftirlit íþróttafulltrúa hverfafélaganna innan íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík innleitt í samstarfssamning Reykjavíkurborgar og ÍBR sem gildir frá 2024-2026. Á samningstímanum verður hlutverk íþróttafulltrúa endurskoðað með það að markmiði að efla starfið og tengja það auknu gæðaeftirliti innan íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík.
	3.7.2	Rýna reglulega notkun frístundastyrkja eftir kyni og öðrum breytum til að stuðla að því að hann þjóni tilgangi sínum. Einnig að útvíkka nýtingarmöguleika og horfa sérstaklega til listnáms.	MÍR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Frístundakortið er rýnt reglulega eftir kyni og öðrum breytum til að stuðla að því að hann þjóni tilgangi sínum og skoðað hvaða greinar börnin eru að nota. Sérstök greining verður lögð fyrir MÍT á vormánuðum 2025 á því hvernig frístundakortið nýtist fyrir listnám barna og ungmenna skv. aðgerð 1.10 í aðgerðaráætlun í menningarstefnu Reykjavíkurborgar.
	3.7.3	Skoða þátttöku og hversu vel er komið til móts við börn og ungmenni í menningar-stofnunum borgarinnar, m.a. hvað varðar aðgengi, aldur og búsetu.	MÍR	Árslok 2024	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Sérstakt MÍR kort er í vinnslu og verður þessi aðgerð skoðuð í þeirri vinnu. Afslættir eru nú þegar til staðar fyrir nemendur með gilt skólaskírteini á söfnum borgarinnar. Frá júní 2024 hefur verið starfandi gjaldskrárhópur menningar- og íþróttasviðs, skipaður kjörnum fulltrúum. Hópurinn hefur unnið að heildstæðri rýni á öllum gjaldskrár sviðsins í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Á næstu mánuðum mun hópurinn skila skýrslu með tillögum um áherslur og breytingar. Sú tillaga sem hér um ræðir fellur undir starfssvið þessa hóps.
Veitandi þjónustu	3.7.4	Gera úttekt á rými og sýnileika fatlaðs listafólks, jaðarsettra og viðkvæmra hópa í dagskrá menningarstofnana og viðburða Reykjavíkur. Í kjölfarið verði gerð aðgerðaráætlun til að stuðla að fjölbreytileika í listum.	MÍR, MAR	2024-2025 <i>Frestað til 2026</i>	Ekki hafið	Aðgerð ekki hafin – Árslok 2026
Menning, listir og íþróttir í Reykjavík séu inngildandi og aðgengilegar öllum.	3.7.5	Kortleggja stöðu aðgengismála á MÍR og gera átak í aðgengismálum á öllum stofnunum sviðsins í viðum skilningi. Samstarf við MAR og ýmsa hópa og samtök til að fækka aðgengishindrunum svo sem menningarlegum, efnahagslegum, tungumálalegum, andlegum og líkamlegum. Tryggja að upplýsingar um aðgengi séu ávallt aðgengilegar á vefsíðum þjónustueininganna.	MÍR	Árslok 2024	Í vinnslu	Lagt hefur verið til að stofna starfshóp til að kortleggja stöðu aðgengismála á MÍR með fulltrúa frá menningarborginni og skrifstofu MÍR, USK og MAR. Vinnuhópur hefur farið af stað skipaður aðgengisfulltrúa Reykjavíkur og fulltrúum MÍR. Verið er að kortleggja stöðu aðgengismála hjá starfsstöðum sviðsins.
	3.7.6	Tryggja að núverandi og nýtt starfsfólk sem vinnur við sundlaugar borgarinnar sé meðvitað um verklag við merkingar á salernum/ búningsklefum, sérklefum og réttindum trans fólks í kyngreindum rýmum.	MÍR, MAR	Árslok 2023	Lokið	Verið er að endurskoða allt útgefið kennsluefni í tengslum við málaflokkinn og sundlaugar heildrænt og uppfæra. Verður úthlutað á starfsfólk fyrir árslok 2024. Búið er að úthluta stafrænni fræðslu um regnbogavottun og sérklefa í sundlaugum MÍR í Torginu á allt starfsfólk sundlauganna og setja inn í nýliðaðfræðslunámslínu sundlaugastarfsfólks MÍR
	3.7.7	Útbúa myndbönd um aðgengi að sérklefum sundlauganna fyrir þjónustuþega m.a. með þarfir trans fólks og fatlaðs fólks í huga.	MÍR, MAR	Árslok 2023	Lokið	Myndbönd klár á þremur tungumálum með texta og komin á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Þau voru einnig sett á Fésbókarsíður hverrar laugar fyrir sig til að kynna fyrir þjónustuþegum.



Reykjavík sem samstarfsaðili





4.1 Samstarfsaðili og verkkaupi

Markmið	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Stöðulýsing nóvember 2025
Mannréttindi séu í brennidepli í samvinnu við opinbera aðila, háskólasamfélagið, einkaaðila og félagasamtök.	4.1.1	Vinna tillögur í samráði við innkauparáð um leiðir til að tryggja að viðsemjendur borgarinnar fylgi mannréttindum og viðurlög sé það ekki gert.	MAR, innkaupa-ráð	2023-2024	Í vinnslu	Frestað til 2026. Verið er að vinna innkaupastefnu þar sem þetta verður ávarpað.
	4.1.2	Endurskoða reglubundið þjónustu- og samstarfssamninga sem stuðla að fjölbreyttu íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni og gerð verði krafa um að öll félög séu með virkar siðareglur, eineltis- og jafnréttisáætlanir, sem og áætlanir um viðbrögð við hvers kyns ofbeldi. Horft verði til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og haft samráð við sérfræðinga MAR og ÍBR í jafnréttismálum.	MÍR	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Verklag innleitt. Þjónustu- og samstarfssamningar á vegum MÍR eru í endurskoðaðir og yfirfarnir þar sem m.a. er rýnt í þessa þætti.
	4.1.3	Viðhalda og þróa samstarfssamninga við Kvænnaathvarfið, Stígamót, Samtökin '78, RIKK, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands og vegna Bjarkarhlíðar.	MAR, VEL	Viðvarandi	Innleitt í verklag/ viðvarandi verkefni	Nýr samningur gerður við Samtökin 78 2025. Í gildi er samningur við RIKK sem gildir til ársloka 2027. Borgin leggur fram húsnæði fyrir Bjarkarhlíð. Velferðarsvið styrkir Stígamót og Kvænnaathvarfið (þriggja ára samningar) og Bjarkarhlíð með 50% félagsráðgjafa.



Upplýsingar um stöðu aðgerða má einnig nálgast á mælaborði á vefsíðu borgarinnar



Reykjavík sem stjórnvald



Reykjavík sem atvinnurekandi



Reykjavík sem veitandi þjónustu



Reykjavík sem samstarfsaðili og verkkaupi



Reykjavík